



Fundargerð

5. fundur Ungmennaráðs Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, miðvikudaginn 2. júlí, klukkan 18:30

Fundinn sátu: Ásgeir Örn Sverrisson, Ásgeir Marinó Harðarson, Bjarki Snær Sigurðsson, Garðar Örn Unason, Kristófer Gunnar Bjarkason, Margrét Ragnarsdóttir Blandon, Ólöf Ósk Bjarnadóttir og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson íþrótta- og æskulýðsfulltrúi.

Fundur settur kl. 18:37

1. Kosning í embætti formanns, varaformanns og ritara

Eitt framboð til formanns, Ásgeir Örn Sverrisson, samþykkt samhljóða.

Eitt framboð til varaformanns, Kristófer Gunnar Bjarkason, samþykkt samhljóða.

Eitt framboð til ritara, Ólöf Ósk Bjarnadóttir, samþykkt samhljóða.

2. Reglur um Ungmennaráð Skaftárhrepps

Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi fór yfir reglur Ungmennaráðs Skaftárhrepps og hvatti ungmennaráðið til að sýna frumkvæði í störfum sínum og hlusta á raddir ungs fólks í Skaftárhreppi.

3. Kynning á handbók Ungmennaráða sveitarfélaganna

Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi kynnti handbók Ungmennaráða sveitarfélaganna þar sem finna má ýmsar hagnýtar upplýsingar um starfsemi ungmennaráða.

4. Ungt fólk og lýðheilsa 2025

Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi kynnti ráðstefnu UMFÍ Ungt fólk og lýðheilsa sem fer fram á Reykjum í Hrútafirði dagana 12.-14. september næstkomandi og hvatti Ungmennaráð Skaftárhrepps til þátttöku.

5. Körfuboltavöllur á Kirkjubæjarklaustri

Ungmennaráð Skaftárhrepps er óánægt með að körfuboltavöllurinn sé ekki tilbúinn og vill sjá að lokið verði við verkið sem allra fyrst. Körfuboltavöllurinn yrði mikið aðdráttarafl og glæsilegt mannvirki sem myndi bjóða upp á fjölmörg tækifæri. Ungmennaráð hvetur sveitarstjórn Skaftárhrepps til að beita sér fyrir því að lokið verði við verkið í sumar.

ÓÖB A'ÖS KGB



6. Önnur mál

- a) Margrét Ragnarsdóttir Blandon tók til máls og ræddi um hvernig auka megi afþreyingu fyrir ungt fólk í Skaftárhreppi með ýmsum skemmtunum og viðburðum.
- b) Ungmennaráðgjafi stefnir á að hafa viðburð á Uppskeruhátíð Skaftárhrepps sem fer fram dagana 16.-19. október næstkomandi. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar sem stefnt er að í byrjun ágúst.

Fundi slitið kl. 19:27

Ásgeir Örn Sverrisson Kristófer Gunnar Bjarkason

Ásgeir Örn Sverrisson

Kristófer Gunnar Bjarkason

Ólöf Ósk Bjarnadóttir

Ólöf Ósk Bjarnadóttir